

Fundur 13. apríl 2007

**Fundur í mennta- og menningarmálanefnd Reykhólahrepps**  
föstudaginn 13. apríl 2007 kl.: 21:00

Mættir: Gústaf Jökull Ólafsson, Ingvar Samúelsson, Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir, Eygló Kristjánsdóttir, Björn Samúelsson, Ágústa Bragadóttir, Óskar Steingrímsson

Gústaf setti fund, bauð menn velkomna.

Dagskrá:

1. Umsókn um skólavist fyrir nemanda frá Hveragerði.  
Samþykkt á kennarafundi 29. mars s.l. að veita nemanda skólavist til loka þessa skólaárs og þá yrði málið endurskoðað. Nefndin hafnaði umsókninni.
2. Bréf frá Steinunni Ó. Rasmus um skólamál í Reykhólasveit. Bréfið og svarbréf nefndarinnar kynnt fyrir fundarmönnum.
3. Bréf frá Björk Stefánsdóttur og Hallfríði Valdimarsdóttur um leikskólamál.  
Bréfið og svarbréfið kynnt fyrir fundarmönnum.
4. Bréf frá Menntamálaráðuneytinu með kynningu á drögum að aðalnámskrá grunnskóla.  
Lagt fram til kynningar.
5. Sumarlokun leikskólans 2007. (frá og með 2. júlí til og með 10. ágúst). Engar athugasemdir gerðar við þennan lokunartíma.

Önnur mál.

1. Umsókn frá Bergljótu Bjarnadóttur um starf stuðningsfulltrúa v/nemanda í leikskólanum Hólabæ.  
Samþykkt.

Ágústa Bragadóttir yfirgefur fundinn kl: 22:15.

2. Beytingar á starfsliði skólans næsta skólaár og lausar stöður sem þarf að auglýsa sem fyrst. Einn kennari hefur í hyggju að segja upp. Ráða þarf í störf kennara auk skólastjóra og stuðningsfulltrúa.
3. Staða sérkennslumála, - hægt er að sækja um aukafjárveitingu til Sambands íslenskra sveitarfélaga. Í skólanum eru nokkur börn sem skoða þarf hvort ekki er hægt að sækja um aukafjárveitingu vegna.

Til kynningar:

Bréf frá Kaupþingi með tilkynningu um gjöf til allra leikskóla landsins til að stuðla að aukinni grænmetisneyslu barna.

Eygló og Björn upplýsti að búið væri að koma upp vísí að félagsmiðstöð fyrir nemndur skólans og vel hefði tekist til.

Fleira ekki bókað, fundi slitið 22:51.

Gústaf Jökull Ólafsson (sign)

Ásta Sjöfn Kristjánsdóttir (sign)

Ingvar Samúelsson (sign)

Björn Samúelsson (sign)

Eygló Kristjánsdóttir (sign)

Áslaug B. Guttormsdóttir (sign)

Óskar Steingrímsson (sign)